

# Litir og tónar


---

Kennarar :

Ásrún Kondrup

Nanna H. Eggertsdóttir





## Að upplifa og njóta tónlistar og lita

Þetta námskeið hefur það að markmiði að skapa notalegt umhverfi og andrúmsloft til að njóta samspils lita og tóna og örva skynfærin á sem fjölbreyttastan máta.

Við vinnum með ljós og liti, hljóð, lykt og áferð.



# Markmiðið er að fanga athygli hópsins með fegurð í samspili lita og tóna



Til þess upplifa hluti þarf manneskjan að geta tekið inn umhverfið.



Til að manneskja nái að taka það inn þarf henni að líða vel. Rólegt umhverfi er lykilatriði.



Við leitumst við að búa til umhverfi og aðstæður sem kalla þetta ástand fram með því að hafa dempaða lýsingu, falleg ljós, þægilega tónlist.



Vonir standa til að það opnast með þessu móti ný vídd, ný innsýn í heim þessara listgreina og á áhrifum þeirra á líðan okkar í daglegu lífi.



Þegar ró færast yfir mann þá fer eitthvað að gerast og maður verður ósjálfrátt móttækilegur fyrir því að upplifa hluti. Flæði fer af stað.



Nemendur njóta bæði slakandi og skynörvandi áhrifa tónlistar til að skapa ákveðið hugarástand.

## Rýmið undirbúið fyrir kennslustund:

- Hafa notalega og dempaða lýsingu eins og litla lampa og séríur.  
Lazy-boy / hægindastóll, körfustóll / hengistóll.  
Lítið borð fyrir hluti sem eru notaðir í tímanum.  
Raða fallega upp. Búa til rými og uppstillingu á borði sem vekur áhuga.
- Myndefni með tónlist varpað upp á vegg, valið myndband af Youtube.  
Gott að hafa það róandi svo nemendur gangi inn í þægilegt andrúmsloft.
- Þeir hlutir sem við ætlum að skoða og rannsaka eru tilbúnir eða innan seilingar. Þeir geta tengst **þema tímans** t.d. blár litur (blá fjöður, blá uppblásin blaðra, krukka með vatni sem við setjum bláan lit út í, blár pappír með áferð sem vekur áhuga og athygli o. sv. frv.)
- Aðrir hlutir sem gagnlegt getur verið að eiga til taks:
  - Lítill leslampi með klemmu sem hægt er að skoða hluti með, lýsa í gegnum, lýsa á, búa til skugga með.
  - Myndvarpi sem hægt er að setja t.d. glerskál með vatni á, láta lýsa í gegn og varpa upp á vegg.
  - Ljósaborð sem hægt að raða ýmis efni á og búa þannig til upplýst myndverk.
  - Þunnt efni, slæður í mismunandi litum til að leika sér með á ýmsan hátt.
  - Glærar krukkur ( stórar) og litur til að setja út í vatnið sem tengist þemalitnum.
  - Pappír með ólíkri áferð ( silkipappír, kreppappír, bylgjupappír)
  - Blöð og málningu
  - Teppir og púða til að líða vel í rýminu og njóta kennslustundarinnar



## Uppbygging kennslustundar

- Gott er að byrja hvern tíma á sama lagi / myndefni (eitthvað rólegt og þægilegt að ganga inn í).
- Viðfangsefni kennslustundar :**Ákveðinn litur.**  
Við vinnum með einn lit í hverjum tíma. **Gulur, rauður, grænn, blár** o.sv.frv.  
Það er þægilegt að nota ákveðna daga á önninni og búa til þema úr því eins og bleikt þema vikuna sem Valentínusardagurinn er, brúnt þema í kringum páska...
- Við notum myndbönd á Youtube sem hentar hverju litapema og tónlist við.  
Við hlustum á tónlist sem er bæði kunnugleg og framandi og tengjum hana við þemað.  
Framandi tónlist (heimstónlist) kemur frá öðru menningarsvæði og er t.d. sungin á tungumáli sem við heyrum ekki daglega.
- Við skoðum hluti sem tengjast viðfangsefni tímans með því að halda á þeim, finna og skynja áferð þeirra og lögun. Stundum lýsum við á þá með ljósi, lýsum í gegnum þá, látum skuggamynd af hlutum lýsa á vegginn.  
Dæmi: Gul málning, gular fjaðrir, gulur bolti, gulur dúkur, gult blóm ...  
Látum hugmyndaflugið ráða för !
- Enda tímarn á ákveðnu lagi (t.d. La Vita è Bella (Cinema Paradiso) eða Bye Bye Love (Everly Brothers) – eitthvað létt til að ljúka kennslustundinni og fara glaður út í daginn.



# Að vinna með öll skynfærin

- Við finnum ilminn af **reyniberjum**...
- Við snertum **laufblöð**, finnum hvernig þau eru viðkomu, lyktum af þeim, höldum á þeim, þrykkjum með þeim ....
- Við höldum á **skeljum**, finnum hvað þær eru harðar og kaldar - horfum á þær, skoðum þær
- Við „hlustum“ á þurra **könglana** bresta, braka -finnum hvað þeir eru hrjúfir og þurrir



# Að búa til myndefni...

- Þrykk
- Litablöndun í vatni




# Að búa til myndefni...


Upplifun með ljósaborði




Litir og  
litablöndun



Litað sellófan - litaðir dúskar




# Að búa til myndefni...



Marmaramálning í vatni

---







Upplifun af myndlist



# Gulur



# Rauður




# Grænn





# Blár



# Svartur/hvítur/grár



# Appelsínugulur

